

ERASMUS+ STYRKIR TIL STARFSNÁMS

Erasmus+ veitir nemendum í starfsmenntaskólum tækifæri til að fara í náms- og þjálfunarferðir og starfsnám hjá fyrirtækjum, skólum og stofnunum í öðru landi. Dvölin getur verið í þáttökulöndum Erasmus+ en einnig í öðrum löndum. Starfsnámið skal tengjast námi viðkomandi nemanda við skólann. Starfsnámið reiknast ekki til eininga en nemendur fá vottorð að námi loknu.

HVERT ER MARKMIÐIÐ?

Markmið náms- og þjálfunarferða nemenda er að auka hæfni þeirra og þekkingu á sínu fagsviði, efla sjálfstraust og tungumálakunnáttu, sem og að kynnast menningu og venjum annarra landa.

- **Nám/þjálfun í starfsmenntastofnunum, skólum og fyrirtækjum**
Dvalarlengd: 10 - 89 dagar
- **Lengri dvöl - Nám/þjálfun í starfsmenntastofnunum, skólum og fyrirtækjum**
Dvalarlengd: 90 - 365 dagar

Dvalartími getur verið styttri en nefnt er hér fyrir ofan eða allt frá 2 dögum, þ.e. þegar sýnt er fram á að það sé nauðsynlegt. Dvalartíminn sem um ræðir snýr að raunverulegri dvöl í móttökulandi.

HVAÐ ER STYRKIÐ?

- Styrkir til náms og þjálfunar samanstanda af ferðastyrk annars vegar og upphaldsstyrk hins vegar. Hvorutveggja eru fastar upphæðir og taka mið af fjarlægð til áfangastaðar og upphaldskostnaði í viðkomandi landi.
- Fatlaðir einstaklingar geta sótt um viðbótarstyrk vegna kostnaðar sem hlýst af þátttöku þeirra.

UPPHÆÐIR STYRKJA

Upphæð á dag er reiknuð sem hér segir:

- **Fram að 14. degi:** upphæðin sem tilgreint er neðangreindri töflu, á dag. **100%** fyrir hvern þáttakanda.

- **Frá 15. degi: 70%** af upphæðinni sem tilgreint er í töflunni á dag, fyrir hvern og einn þáttakanda.

Einstaklingsstyrkur í evrum; Uppihald og tryggingar	Upphæð á dag (EUR)
Landshópur 1 Noregur, Danmörk, Luxemborg, Ísland, Svíþjóð, Írland, Finnland, Liechtenstein	120
Landshópur 2 Holland, Austurríki, Belgía, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Spánn, Kýpur, Grikkland, Malta, Portugal	104
Landshópur 3 Slovenía, Eistland, Lettland, Króatía, Slovakía, Tékkland, Litháen, Tyrkland, Ungverjaland, Pólland, Rúmenía, Búlgaría, fyrrum Júgóslavneska lýðveldið Makedónía, Serbía	88

UMSÓKNARFERLI

Umsóknir þurfa hafa borist til alþjóðafulltrúa í síðasta lagi 05. febrúar 2024. Skila á umsóknum rafrænt á netfangið silfrun@mir.is.

[Umsóknareyðublöð má finna hér.](#)

Umsóknir nemenda um starfsnám eða skiptinám verða metnar út frá neðantöldum þáttum og einkunn á skalanum 1-5 gefin fyrir hvern þátt.

- 1) Tilgangur verkefnis. Listræn og/eða tæknileg markmið, menningarleg og vísindaleg. Nýnæmi hugmyndar og tengingar sem koma nemandanum og skólanum til góða.

- 2) Verkefni og skipulag. Kynning á samstarfsaðila verk- og tímaáætlun.
- 3) Væntingar til verkefnisins? Afrakstur og ávinningur fyrir nemandann, skólann og samfélagið.

OLS (ONLINE LINGUISTIC SUPPORT)

Starfsnemar sem eru lengur en 19 vikur í sínu starfnámi er skylt að fara í tungumálapróf á netinu áður en starfsnámsdvöl hefst. Prófið er tekið í kerfi sem heitir OLS (Online Linguistic Support) sem er mjög notendavænt. Standist nemandi ekki þetta próf tekur hann tungumálanámskeið í sama kerfi á námstímabilinu. Í lok dvalar taka nemendur aftur próf til að mæla áhrif dvalarinnar á tungumálakunnáttuna.

Frekari upplýsingar má finna hér.